

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Bláskógabyggð.

1. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar sem veldur ónæði eða óþrifum skal eigandi greiða hand-sömunargjald, 12.000 kr. Að auki skal greiða daggjald 3.000 kr. fyrir hvern dag fyrir þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar, þ.m.t. útkall dýraeftirlitsmanns, fóðrun og auglýsingar.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar, með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, auk reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti og samþykkt um kattahald í Bláskógabyggð nr. 156/2025 öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar, 5. mars 2025.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 20. mars 2025